



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 136/486

komudagur 15.12.2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 14. desember 2008

**Efni: Frumvarp til laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 234. mál.**

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 234. mál.

Alpýðusamband Íslands tekur undir þau sjónarmið sem frumvarpið byggir á, en um það segir í athugasemdum með því:

*Eitt af helstu markmiðum frumvarpsins er að gera þjónustu við blinda og sjónskerta heildstæðari þannig að hún sé sem mest aðgengileg á einum stað og að þar sé jafnframt tryggð sem best yfirsýn yfir aðstæður hópsins.*

Þá er jafnframt að finna í frumvarpinu nýmæli sem ætluð eru til að auka enn frekar þjónustu við og treysta réttindi blindra, sjónskertra og daufblindra. Því ber að fagna.

Í ljósi framanritaðs lýsir Alpýðusamband Íslands stuðningi við efni frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ